

# Mannakindur, mollið og blokkarpartí

Boðskapurinn var fljótandi, átti að benda áhorfendum á firringu nútímamannsins? Óð til horfinna samfélaga? Að veganismi er framtíðin?

Boðskapurinn var fljótandi, átti að benda áhorfendum á firringu nútímamannsins? Óð til horfinna samfélaga? Að veganismi er framtíðin? Verkið var svo furðulegt og fyndið að það skipti ekki máli hvað það þýddi, það var opið til túlkunar, tilfinningin sat eftir og líklegt er að börnin gleymi þessu aldrei.

Af dansi

Nína Hjálmarsdóttir

ninahjalmars@gmail.com

Listahátíð í Reykjavík stendur nú yfir. Áberandi á hátíðinni að þessu sinni eru verk sem hafa tengsl við samfélagið og bjóða áhorfendum upp á persónulega upplifun.

*The Great Gathering* eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts, var sýnt í annað sinn á Eiðistorgi síðastliðinn föstudag. Flytjendur voru dansarar Íslenska dansflokksins ásamt hópi barna og unglunga. Eiðistorg er gleymdur gimsteinn í borgarinni, og sú nostalgía unglingsáranna að hanga í verslunarkjörnum svífur þar yfir. Gjörningurinn var einskonar „flashmob“ eða leifturlýður. Þau dönsuðu um allt rýmið, komu saman og sundruðust, fóru í feluleik, blönduðust inn í umhverfið. Húmorinn og gleðin voru allsráðandi. Tónlistarmaðurinn Hermigervill spilaði sínar ábreiður af klassískum dægurlögum sem passaði vel við rýmið og bjó til ævintýrlega stemmingu. Flytjendur voru óumræðanlega nett, mjög fjölbreyttur hópur, og náðu áhorfendum á sitt band sem dilluðu sér með og brostu útað eyrum. Börn fylgdust hugfangin með og vildu vera með í dansinum. Venjulegum viðskiptavinum Eiðistorgs brá í brún við þessa sjón, og inn á milli mátti sjá nokkra ruglaða túrista. Verkið minnti á tónlistarmyndband, og eins gaman og var að horfa á það, má velta því fyrir sér hvort að verkið hefði verið áhrifaríkara, ef áhorfendur hefðu tekið virkari þátt í samkomunni.



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]

## Blokkarpartí með ókunnugum

Síðasta laugardag opnuðu íbúar í Asparfelli í Breiðholti íbúðir sínar og buðu gestum í blokkarpartí. Verkið, *Asparfell*, sem einnig eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts í samvinnu við íbúana, er samstarfsverkefni Listahátíðar og Breiðholt Festival. Á fyrsta viðkomustað voru feðgar sem báðir heita Siggi, sonurinn er dansari og býr í Ástralíu, faðirinn er tannsmiður og nuddari. Þar inni mátti sjá leðurhúsgögn, tannsmiðaverkstæði, stytur og eftirprentanir af málverkum Salvadors Dali. Sonurinn sagði mér glettinn að pabbinn hafði verið hoppandi spenntur alla vikuna af tilhlökkun. Gestir fengu síðan hressandi danskenslu frá syninum, sem kenndi grunnsporin í línudansi og dansinn við „Blame it on the Boogie“.

Hvert heimili í Asparfelli sem opið var bauð uppá mismunandi upplifun, hannaða af húsráðendum. Hvort sem það var að drekka Svala og spila Super Mario-tölvuleik með ungri stelpu í 90's umhverfi, eða heimsókn til ömmu sem settist ekki niður því hún var svo upptekin við að gæta þess að allir fengju kaffi. Hver upplifun var náin, persónuleg og snerti við manni. Ein kona spilaði uppáhalds tónlistina sína fyrir gesti, og talaði um sveitaböll áttunda áratugsins.

Blokkarpartíið bauð upp á heillandi innsýn í líf ókunnugra, og gestir sáu hvernig persónuleiki íbúanna endurspegladist í eignum þeirra og smekk. Verkið var samfélagsleikhús sem leyfði áhorfendum að hitta fólk í sínu umhverfi, og heyra sögur þeirra. Heyra af hverju þau tóku þátt, hvað þeim liggur á hjarta, hvað hefur reynst þeim erfitt í lífinu og hvað veitir þeim hamingju. Konseptið á sérstaklega vel við þema Listahátíðar í ár, „Heima“. Það er ánægjulegt að Listahátíð standi fyrir svona verkefni, að bjóða allskonar fólki í úthverfum borgarinnar að taka þátt í að skapa upplifun sem byggir á þeirra eigin „heima“.

## Menn verða kindur

Á sunnudaginn upplifði rýnir gjörninginn *Kindurnar* eftir kanadíska sviðslistahópsinn Corpus, í nýju útileikhúsi við Veröld – Hús Vigdísar. Verkið var svipmynd sveitasenu sem snýr upp á raunveruleikann. Flytjendur voru manneskjur í líki kindahjarðar, og gerðu það svo vel að áhorfendur komu fram við þau líkt og þau væru kindur. Flytjendur jörmuðu í ópreyju sinni, hreyfðu sig kindalega, átu, pissuðu, hlýddu hirðinum og leyfðu börnum að klappa sér. Allt varð þetta meira súrrealískt í borgarlandslagi milli steypuklumpa. Boðskapurinn var fljótandi, átti að benda áhorfendum á firringu nútímamannsins? Óð til horfinna samfélaga? Að veganismi er framtíðin? Verkið var svo furðulegt og fyndið að það skipti ekki máli hvað það þýddi, það var opið til túlkunar, tilfinningin sat eftir og líklegt er að börnin gleymi þessu aldrei.

## Hátíð fyrir alla

Listahátíð í Reykjavík er þverfagleg hátíð sem stendur til 18. júní. Hún er og á að vera leiðandi afl í íslensku menningarlífi. Það er mikilvægt að hátíð sem þessi setji upp verk sem dansa á milli listforma. Að Listahátíð standi fyrir nýsköpun og komi verkum á

framfæri sem hafa samfélagslega nálgun og nái sem víðast um borgina, og til sem flestra. Verk sem ögra skilningarvitum okkar, og vekja upp hjá okkur samkennd og gleði. Listahátíð borgar á að vera fyrir alla borgarbúa, sama hver bakgrunnur þeirra er eða í hvaða hverfi þeir búa. Listahátíð í Reykjavík 2018 sýnir að þetta er hægt án þess að slá af listrænum kröfum og er vonandi að hátíðin styrkist enn frekar á komandi árum, sem hátíð allra borgarbúa.